

4.5.2015

Til atvinnuveganefndar

Varðar: Frumvarp um breytingu á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002, með síðari breytingum (full niðurgreiðsla vegna flutnings og dreifingar).

1. Leiðrétting.

Í töflu á bls. 10 í athugasemdum með frumvarpinu hefur slæðs inn meinleg villa.

- 140 m² raðhús, orkunotkun til hitunar 38.400 kWst (**á að vera 28.400 kWst/ári**)
- 180 m² einbýli, orkunotkun til hitunar 38.400 kWst (**á að vera 34.632 kWst/ári**)

2. Beiðni nefndarinnar um að reikna út verð fyrir fleiri staði en fram koma í töflunni á bls. 10.

Varðandi beiðni nefndarinnar um að reiknað verði út verð fyrir fleiri staði en fram koma í töflunni á bls. 10, í frv. þá er rétt að benda á að Rarik þéttbýli og dreifbýli nær yfir staði allt frá Snæfellsnesi norður um til Raufarhafnar austur um til Neskaupsstaðar og suður um til Hafnar í Hornafirði. Orkubú Vestfjarðar nær yfir alla Vestfirði frá Reykhólahreppi, Hólmavík, Ísafjörð og til Patreksfjarðar. Fjarvarmaveiturnar á Vestfjörðum, á Seyðisfirði og Höfn sem og í Vestmannaeyjum ná yfir þá staði þar sem eru kyntar veitur. Til viðmiðunar eru svo verð annars vegar hjá OR í Reykjavík og hins vegar dýr, ónafngreind veita. Öll verð sem fram koma í töflunni eru meðalverð á viðkomandi veitusvæðum. Ekki er talið skipta máli í því samhengi að reikna sérstaklega út verð á fleiri stöðum, þar sem útkoman yrði sú sama eða mjög svipuð og fram kemur í töflunni.

Í útreikningum Orkustofnunar hefur verið tekið tillit til ýmissa breyta svo samanburðurinn sé réttur. Til dæmis má benda á að lágmarkshitastig á vatni frá fjarvarmaveitunni á Suðureyri er 72°C á meðan hiti frá kyndistöðinni á Ísafirði er 77°C. Þarna er töluverður munur á hita vatnsins sem kemur fram í verði til notenda í sambærilegum húsum og sama notkunarmynstri. Hver rúmmetri af vatni á Suðureyri kostar 28,44 kr. á meðan rúmmetrinn á Ísafirði kostar 33,19 kr/kwst. Fyrir vikið eru þessir aðilar að greiða sama verð fyrir sambærilega notkun.

Eins og bent var á hér að framan þá eru öll verð sem fram koma í töflunni, meðalverð á viðkomandi veitusvæði. Margir þættir geta haft áhrif á frávik frá því meðlaverði sem þar kemur fram, má þar t.d. nefna fjölskyldustærð, einangrun húsanna og notendamyntur íbúa.



Helga Barðadóttir, sérfræðingur á sviði orkumála / Senior Expert, Energy

Affairs

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið / Ministry of Industries and Innovation
Skúlagötu 4, 150 Reykjavík, Iceland.

Sími/ Tel: +(354) 545 9700

<http://www.anr.is> - [Fvri/vari/Disclaimer](#)